

## Ungmennaráð Blönduósþæjar

Helsta hlutverk ungmennaráðs er að gæta hagsmuna ungs fólks í Blönduósþæ á aldrinum 13 til 25 ára gagnvart sveitarstjórn. Það hlutverk rækir ráðið með því m.a. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins og með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega. Því er ennfremur ætlað að efla tengsl ungmenna sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda um þau málefni er að snúa að þeim. Ungmennaráði er heimilt að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum ungs fólks.

## **Samþykkt fyrir ungmennaráð Blönduósbæjar**

### **Um verkefni ungmennaráðs**

#### **1.gr.**

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 25 ára sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar Blönduósbæjar, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

#### **2.gr.**

Ungmennaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum ungs fólks. Ráðið fylgist með að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki.

#### **3.gr.**

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega.
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan grunnskóla um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum ungs fólks.
- að gera tillögur til sveitarstjórna og bæjaryfirvalda um hvernig best væri að standa að forvarnarmálum ungmenna.

#### **4.gr.**

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

#### **5.gr.**

Ungmennaráð starfar í samræmi við reglur og samþykktir sveitarstjórnar Blönduósbæjar

### **Um skipan ungmennaráðs**

#### **6. gr.**

Fyrir 15.október ár hvert skulu eftirfarandi stofnanir tilnefna samtals fimm fulltrúa í ungmennaráð og fimm til vara. *Fyrsta ungmennaráð skal skipa fyrir lok árs 2019.*

**A** Þrjú fulltrúar og tveir til vara komi úr 8. til 10.bekk í Blönduskóla. Fulltrúar nemenda skólans skulu valdir með tilnefningu eða almennri kosningu.

**B** Tveir fulltrúar og tveir til vara á aldrinum 16 til 25 ára. Fulltrúar nemenda skulu valdir með tilnefningu eða almennri kosningu.

Starfstími ungmennaráðsins skal vera eitt ár, frá 15.október til 14.október ár hvert.

#### **7.gr.**

Á fyrsta fundi ráðsins kýs það sér formann, varaformann og ritara úr sínum röðum. Formaður ráðsins stjómar fundum og sér um að allt fari löglega fram.

#### **8.gr.**

Ungmennaráð skal halda að lágmarki tvo fundi á áriog þar af einn með sveitarstjórn Blönduósbæjar. Dagskrá þess fundar skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

### **9.gr.**

Starfsmenn ráðsins eru nefndarmenn Menningar-, tómstunda og íþróttanefndar. Þeir sitja fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra. Sveitarstjóri, forseti sveitarstjórnar og formaður byggðaráðs hafa alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsis- og tillögurétt.

## **Um yfirstjórn ungmennaráðs**

### **10.gr.**

Ungmennaráðið gerir starfsáætlun um verkefni sín í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár, sem tilheyrir undir Menningar- tómstunda og íþróttanefnd.

### **11.gr.**

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Formaður Menninga-, tómstunda og íþróttanefndar ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, *p.m.t.*, fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

## **Um fundarsköp ungmennaráðs**

### **12.gr.**

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs eru ákvæði sveitarstjórnarlaga og „Samþykkt um stjórn Blönduósbæjar og fundarsköp sveitarstjórnar“ höfð til viðmiðunar.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Dagskrá skal senda til aðalmanna í síðasta lagi einum sólarhring fyrir fund. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að

taka mál á dagskrá skal hann bera það undir nefndina í upphafi fundar. Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### **13.gr.**

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar og annarra nefnda sveitarfélagsins.

Ritari ungmennaráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

## **Um hæfi og skyldur ráðsmanna og annarra fundarmanna**

### **14.gr.**

Ráðsfulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll hamli. Sé fulltrúi forfallaður skal hann tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 12. nóvember 2019.

